

## Raðtilnefning víkingaminja á heimsminjaskrá UNESCO

Ísland stýrir fjölþjóðlegu verkefni sem miðar að tilnefningu víkingaminja á [heimsminjaskrá UNESCO](#). Markmiðið er að tilnefningarskjal verði afhent Heimsminjaskrifstofu UNESCO fyrir 1. febrúar 2011 og að tilnefningin verði samþykkt árið 2012.

Verkefnið hefur verið í undirbúningi um nokkurt skeið að frumkvæði Íslands, Danmerkur og Schleswig-Holstein í Þýskalandi en fleiri ríki hafa ákveðið að taka þátt. Þau eru Eistland, Lettland, Noregur, Svíþjóð og Úkraína. Sumir minjastaðanna sem verða tilnefndir eru nú þegar á heimsminjaskrá UNESCO sem stakar minjar en einnig munu aðrir bæstast við sem ekki eru ennþá skilgreindir sem heimsminjar. Áhersla er lögð á að segja sögu víkingamenningar með því að sameina mikilvægustu minjastaði þessa merka tímabils í sögu norrænna manna þannig að úr verði minjaheild sem lýsir sem flestum þáttum menningar víkinga og áhrifum hennar á svæði sem þeir byggðu.

Þegar hefur verið ákveðið að Þingvellir verði tilnefndir af hálfu Íslands en Þingvellir bættust á Heimsminjaskrá UNESCO árið 2004. Danir munu tilnefna konungshauga, kirkju og rúnasteina í Jelling á Jótlandi (heimsminjar síðan 1994) ásamt hringlaga virkjum í Trelleborg, Aggersborg og Fyrkat. Stafkirkjan í Urnes í Noregi (heimsminjar síðan 1979) verður

að öllum líkindum tilnefnd af hálfu Noregs og víkingaaldarverslunarmiðstöðin Birka og Hovgården (heimsminjar síðan 1978) af Svíþjóð.

Önnur þáttökulönd tilnefna nýja minjastaði og ber þar fremst að nefna hinn stórmerka verslunarstað víkinga Hedeby í Schleswig-Holstein ásamt varnargarðinum Danevirke sem nær frá Norðursjó í vestri að Schlei-firði í austri en fjörðurinn gengur inn úr Eystrasalti. Eistland hyggst tilnefna röð virkishæða sem norrænir menn byggðu í vesturluta landsins og Lettland mun tilnefna virkishæð og verslunarstað í Grobina frá víkingatímanum ásamt röð norrænna kumlsteiga á svæðinu.

Aðrar merkar minjar um norræna víkinga, svo sem L'Anse aux Meadows á Nýfundnalandi, norrænar minjar á Grænlandi og Írlandi munu hugsanlega bæstast í röðina innan fárra ára.

Heimsminjanefnd UNESCO hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á raðtilnefningar minjaheilda fremur en tilnefningar stakra minja og því eru vonir bundnar við að þessi röð víkingaminja fái jákvæða umfjöllun. Þetta verkefni hefur enda vakið mikla athygli á alþjóðavettvangi þar sem hugmyndin að baki þessarar raðtilnefningar, að gefa heildarmynd af ákveðnu tímabili eða menningarsvæði, á sér mjög fáar hlíðstæður meðal heimsminja.

### Málþing menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Árlegt málþing menntavísindasviðs HÍ (áður KHÍ) verður haldið dagana 29. og 30. október 2009. Á þinginu verður fjallað um nýbreytni- og þróunarstarf og rannsóknir í skólastarfi leik- grunn- og framhaldsskóla. Að þessu sinni ber málþingið yfirskriftina Föruneyti barnsins - velferð og veruleiki. Málþingið, sem nú er haldið í 13. sinn, er mikilvægur vettvangur fyrir kennara og alla hagsmunaaðila skólastarfs til að fylgjast með nýbreytni- og þróunarstarfi og rannsóknum. Sjá nánari upplýsingar á: <http://vefsetur.hi.is/srr/>

Menntamálaráðherra ávarpar málþingið.

### Staða drengja og stúlkna í skólum

Á fjölmennri norrænni ráðstefnu um jafnréttisfræðslu í skólum sem haldin var dagna 21. – 22. september síðastliðinn var [Mike Younger](#), yfirmaður menntavísindasviðs Cambridge-háskóla og einn stjórnenda verkefnisins Bætum árangur drengja, aðalfyrirlesari. Hann fjallaði meðal annars um stöðu drengja og stúlkna í skólum.

Þar afbyggði hann margar af helstu goðsögnum sem flógra um vestræn samfélög, svo sem þær að strákar læri og nemi almennt öðruvísi en stúlkur, að drengjum vegni betur í samkeppnisumhverfi og að þeir vilji frekar lesa um staðreyndir en skáldsögur.

Leiðirnar til að bæta árangur liggja ekki í því að viðhalda þessum staðhæfingum heldur reynist farsælla að breyta félagslegum og kennslufræðilegum nálgunum. Hann mælti með gagnvirkum

kennsluáferðum og skapandi greinum eins og leiklist, dansi og tónlist, sem kennslutæki, sérstaklega gagnvart drengjum sem hafa misst áhugann á námi.

Mike Younger leggur til að hætt verði að tala um stúlkur og drengi sem einsleita hópa því árangur á prófum markist af því að ákveðnir hópar drengja standa ver að vígi en sambærilegir hópar stúlkna. Slík nálgun hefði alið á staðalmyndum um kynin og hunsað þann fjölbreytileika sem ríkir innan sama kyns. Hann taldi að kynjaskipting gæti í sumum greinum reynst vel svo lengi sem námskrá beggja kynja byggði á sömu forsendum. Umfram allt þyrfti starf skólans að vera byggt á umhyggju og tiltrú á öllum nemendum. Slík nálgun myndi reynast þeim nemendum best sem stæðu illa bæði félagslega og námslega.

### Sprotasjóður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

hefur auglýst eftir umsóknum í [Sprotasjóð](#) fyrir skólaárið 2009 - 2010. Sprotasjóður kemur í stað þriggja sjóða, þróunarsjóðs leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, og er honum ætlað að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi.

Til úthlutunar að þessu sinni verða allt að 50 milljónir kr. og er umsóknarfrestur til 6. nóvember 2009. Áhersla er lögð á tvennt: annars vegar sveigjanleika og fjölbreytni í námi og kennsluháttum, hins vegar og lestrarkennsla og læsi í viðum skilningi. Verkefni sem falla fyrir utan áherslusvið fá sérstaka umfjöllun í ljósi áhrifa á íslenska menntun.

Þeim skólum, stjórnendum eða kennarahópum sem hafa hug á því að sækja um til Sprotasjóðs er bent á umsóknarvef Stjórnarráðsins á vefslóðinni

<http://umsokn.stjr.is>.

